

## Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála

Reykjavík, 4. janúar 2001.

Efni: Kærumál Landssíma Íslands hf. gegn Póst- og fjarskiptastofnun.

Þann 4. janúar 2001 kom úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála saman að Borgartúni 20 í Reykjavík til þess að taka til meðferðar og kveða upp úrskurð um kröfu Landssíma Íslands hf. um frestun réttaráhrifa hinnar kærðu ákvörðunar í kærumáli Landsíma Íslands hf. (Landssímans) á hendur Póst- og fjarskiptastofnun (P&F), mál nr. 2/2000.

Með kæru til nefndarinnar dags. 21. desember 2000 setti Landssíminn fram þá kröfu að ákvörðun P&F um fastagjald fyrir talsíma, sem tilkynnt var fyrirtækinu með bréfi dags. 6. desember 2000 yrði felld úr gildi og viðurkennt að fyrri ákvörðun hennar frá 27. mars 2000 standi.

Málavextir eru í stuttu máli þeir að með vísan til ákvæðis til bráðabirgða II í lögum um fjarskipti nr. 107/1999 ákvarðaði P&F að mánaðarlegt fastagjald hjá Landssímanum fyrir talsímaþjónustu yrði frá 1. apríl 2000 fyrir heimasíma kr. 820 og frá 1. janúar 2001 kr. 1.111. Fastagjald fyrir atvinnusíma skyldi vera kr. 1.365 frá 1. apríl 2000 og kr. 1.667 frá 1. janúar 2001.

Með bréfi frá P&F til Landssímans, sem dags. var 6. desember 2000, var tilkynnt sú ákvörðun stofnunarinnar að dregið skyldi úr þeirri hækkun sem koma átti um áramótin 2000/2001. Hún yrði nú kr. 231 í stað kr. 291 fyrir heimilissíma og kr. 210 í stað kr. 302 fyrir atvinnusíma.

Í bréfi P&F dags. 6. desember var sú skýring gefin á þessari lækkun að hún ætti rót sína að rekja til breytinga á útreiknuðu WACC gildi Landssímans á milli árana 1998 og 1999, þ.e. úr 11,82% í 10,06%.

Þessari ákvörðun P&F um fyrirhugaða lækkun á áður ákvörðuðu fastagjaldi vill Landssíminn ekki una og hefur í kæru til nefndarinnar óskað eftir að hún verði felld úr gildi.

Áður en ágreiningurinn verður tekinn til efnisúrlausnar hjá nefndinni liggur fyrst fyrir að úrskurða um framkomna kröfu Landsímans um að úrskurðarnefndin fresti réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar á meðan kæran er til meðferðar hjá nefndinni með vísan til 5. gr. reglugerðar nr. 378/1999.

Rök Landssímans fyrir kröfu um frestun á réttaráhrifum ákvörðunar P&F eru þau að hún sé nauðsynleg til þess að koma í veg fyrir verulega röskun á hagsmunum fyrirtækisins. Allar líkur séu á því að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi, þar sem fyrirtækinu hafi ekki verið gefinn kostur á að neyta andmælaréttar síns þegar hún var tekin. Jafnframt að reikningagerð fari fram ekki síðar en 5-6 janúar nk. og ljóst sé að úrskurðarnefndin muni ekki hafa lokið umfjöllun sinni um málið fyrir þann tíma. Ef gjaldtaka taki nú mið af nýja fastagjaldinu og kröfur fyrirtækisins hjá nefndinni um ógildingun verði teknar til greina þurfi að gjaldfæra alla símnötendur afturvirkir fyrir mismuninum. Slíkt sé kostnaðarsamt og erfitt í framkvæmd og til þess fallið að valda óþægindum og mæta andstöðu neytenda.

Með bréfi úrskurðarnefndarinnar til P&F dags. 29. desember 2000 var stofnuninni gefin kostur á að skila sérstakri greinargerð af sinni hálfu um þessa tilteknu kröfu Landssímans um frestun réttaráhrifa.

Barst nefndinni greinargerð frá P&F dags. 3. janúar 2001 þar sem kröfu Landssímans um frestun réttaráhrifa er mótmælt. Vísar P&F í þeim efnum til 5. gr. reglugerðar nr. 378/1999 og 29. gr. stjórnslulaga, þar sem fram komi sú meginregla að kæra fresti ekki réttaráhrifum kærðrar stjórnvaldsákvörðunar. Jafnframt að málið snerti flesta símnötendur hér á landi og hljóti hagsmunir þeirra að vega þyngra en hagsmunir Landssímans. Þá er því haldið fram að meintir erfiðleikar Landssímans í reikningagerð tengdir breytingum á fastagjaldi séu smávægilegir. Að lokum er því mótmælt að andmælaréttur hafi verið brotinn og bent á að um hafi verið að ræða leiðréttingu á fastagjaldinu en ekki breytingu. Þá hafi Landsíminn sett fram sjónarmið sín varðandi lækkunina í bréfi til P&F dags. 12. desember 2000, en endanleg niðurstaða í málinu hafi fyrst verið tekin af P&F þann 20. desember 2000.

### **Niðurstaða**

Það er mat nefndarinnar að eins og málinu hátti sé ekki ástæða til að fresta réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar með vísan til 5. gr. reglugerðar nr. 378/1999.

### **Úrskurðarorð**

Réttaráhrifum ákvörðunar Pósts- og fjarskiptastofnunar varðandi fastagjöld fyrir talsíma, sem tilkynnt var með bréfum til Landssímans hf. 6. og 20. desember 2000 er ekki frestað.

Í úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála:

Ólafur Axelsson hrl

Guðjón Kárason verkfræðingur

Heimir Haraldsson framkvæmdastjóri